

62

13. apríl

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðarstöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Hofsvallagötu frá Sóleyjargötu að Hringbraut beggja vegna götunnar.
2. Túngötu sunnan megin götunnar frá Ægisgötu að Hofsvallagötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. apríl 1957.

Sigurjón Sigurðsson.

63

17. apríl

SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélag Lónsmanna, Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélag Lónsmanna. Heimili þess og varnarþing er Bæjarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum að varna Jökulsá í Lóni að ganga á jarðir sveitarinnar austan ár.

3. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Brekku, Stafafells, Byggðarholts, Hraunkots og Bæjar, er liggja undir skemmdum vegna ágangs Jökulsár. Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar atvinnuáráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaga.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, er kosnir skulu til 3 ára í senn og gengur 1 úr á ári eftir hlutkesti fyrstu 2 árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa 2 menn til að endurskoða reikninga félagsins.

5. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar framlagður endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmatgur ef helmingur félagsmanna er mættur. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meiri hluta atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessari þarf $\frac{2}{3}$ hluta mætttra atkvæða.

Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar ef þörf krefur, en skylt ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur framangreindra jarða og gildir 1 atkvæði fyrir hverja landeign. Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt, sem venja er að boða til sveitafunda.